

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 29. desember 2023
UST202312-213/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulag Rangárþings ytra 2016 - 2028 - Þjóðólfshagi 1

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 20. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu aðalskipulags Rangárþings ytra 2016 - 2028 fyrir Þjóðólfshaga 1.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að frístundabyggð F11 sem er um 21 ha að stærð verði hluti að íbúðarsvæði ÍB31.

Fuglalíf

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem skipulagssvæðið (38 ha.) nær til svæðis sem er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði þarf að fjalla um fuglsvæðið í tillögunni, einnig þarf að koma fram hver stefna sveitarfélagsins er um vernd fuglasvæðisins, undir kafla 3.2.

Í stefnu sveitarfélagsins segir að íbúðarbyggð verður ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna náttúrufars, náttúruauðlinda, sögu eða almenns útivistargildis. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skipulagsáætlanir sveitarfélagsins rýri ekki verndarsvæði fuglanna og hugað sé að endurheimt og vernd.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Rakel Sæmundsdóttir
sérfræðingur